

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 9. september 2025
Tilvísun: 25071220

Efni: Svar við athugasemdum Kaldvíkur við eftirlitsskýrslu nr. 40686 vegna rekstrarleyfis FE-1189

Þann 28. ágúst 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir Kaldvíkur (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 40686 vegna rekstrarleyfis FE-1189. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 13. ágúst 2025 og send eftirlitsþega sama dag. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Rifösi við Lón í Kelduhverfi þann 30. júlí 2025.

Eftirlitsþegi sendi athugasemdir í 11 liðum við framangreinda skoðunarskýrslu. Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletruð.

1. Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi – 4.2.1

Frávik í eftirlitsskýrslu: Ekki er til staðar yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli.

Athugasemdir eftirlitsþega:

Í 12. gr segir “Upplýsingar um heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetningu og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga.”

Ekki er fjallað um yfirlitsmynd landeldisstöðvar í 19. grein en segir eftirfarandi um frárennsli og varnir gegn stroki: “Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skal kveða á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.” Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem frávik heldur athugasemd.

Eftirlitsþegi vísar til 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 í athugasemdum sínum undir þessum lið hvað varðar frárennsli og varnir gegn stroki.

Matvælastofnun bendir á að stofnunin hefur viðtækar heimildir til þess að kalla eftir og fá að sjá gögn sem stofnunin telur nauðsynlegt, m.a. gögnum sem eru ekki nákvæmlega tilgreind í reglugerð um fiskeldi, sbr. 6. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að til staðar séu teikningar sem sýna yfirlitsmynd yfir eldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli sem hægt er að skoða og vinna með t.d. í þeim tilfellum ef kæmi til stroks. Slík teikning auðveldar Matvælastofnun og starfsmönnum eftirlitsþega að átta sig á mögulegum strokleiðum, hvar varnir eru til staðar og hverjar þær eru komi til stroks. Að mati Matvælastofnunar telst því skortur á því að eftirlitsþegi hafi yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli sem frávik, ekki athugasemd.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um að frávik undir lið 4.2.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025.

2. Viðbragðsáætlun vegna stroks – 4.3.1

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið voru í tveimur liðum og vörðuðu ekki alla þá þætti sem skráning frávíksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

- a. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Viðbragðsáætlun vegna stroks er of almenn og ekki nægjanlega sértæk fyrir eldisstöðina, t.d. kemur ekki fram hvar búnaður til að endurheimta fisk er staðsettur eða hvernig leggja eigi netin vakni grunur um stök í stöðinni.

Athugasemdir eftirlitsþega:

Viðbragðsáætlun vegna stroks er eins fyrir allar stöðvar, þar sem viðbragð er eins óháð stöð. Verklegr þjálfun er svo haldin að minnsta kosti árlega þar sem farið er í hvar og hvernig eigi að leggja netin og hvar búnaðinn er að finna. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum útbúa skriflegar leiðbeiningar fyrir æfingar á hverri stöð fyrir sig. Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er lýst hvað koma þurfi fram í viðbragðsáætlunum skv. reglugerðinni: markmið, ábyrgð, viðbrögð og skráning. Eðli málsins samkvæmt er viðbragðsáætlunum ætlað að lýsa viðbrögðum þegar atvik verða, í þessu tilfalli stök, þ.e. til hvaða viðbragða starfsmenn eftirlitsþega eigi að grípa komi til stroks. Mikilvæg er að lýsing á viðbrögðum sé skýr og eins ítarleg og mögulegt er þannig að allir starfsmenn eftirlitsþega geti gripið til viðbragðsáætlunarinnar og framfylgt henni. Í því skyni er nauðsynlegt að viðbragðsáætlunin sé sniðinn að hverri stöð fyrir sig en ekki almenn fyrir allar eldisstöðvar eftirlitsþega þar sem aðstæður á hverjum stað geta verið mismunandi, þar með talið staðsetning á netum enda eru þau mikilvægur búnaður sem grípa þarf til við virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Ekki er nægjanlegt að starfsmenn fái munnlega vitneskju um staðsetningu neta í verklegri þjálfun heldur verður hún að vera tilgreind í viðbragðsáætluninni þannig að allir, þar með talið starfsmaður sem hefur nýlega hafði störf og ekki lokið árlegri verklegri þjálfun, viti hvar netin eru staðsett.

Matvælastofnun telur afar jákvætt að hafa til staðar skriflegar leiðbeiningar um verklegar æfingar fyrir stök á hverri eldisstöð fyrir sig en að skrif á slíkum leiðbeiningum kemur ekki í stað þess að aðlaga viðbragðsáætlanir eftirlitsþega að hverri eldisstöð fyrir sig. Frávik þetta verður því ekki leyst fyrr en viðbragðsáætlun hefur verið aðlöguð að eldisstöðinni.

- b. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Þá vantar að að lagfæra röð viðbragða. Fyrst á að grípa til aðgerða, m.a. veiða til að koma í veg fyrir frekari stök, og svo á að tilkynna stök til viðeigandi aðila.

Athugasemdir eftirlitsþega:

Orðalag viðbragðsáætlunar var lagfært á meðan á eftirliti stóð. Óskað var eftir því á meðan eftirliti stóð að fram kæmi í skýrslu að frávikið var lagfært á staðnum og fengust þau svör frá eftirlitsaðila að það væri ekki viðtekið verklag. Bent er á að í skilgreiningum neðst í skýrslu þessari er gert ráð fyrir að hægt sé að merkja frávik sem "LS" lagfært á staðnum. Sbr. "Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vikur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun". Fyrir vikið er beðið um að frávikið sem merkt lagfært á staðnum í skýrslu.

Þann 29. júlí 2025, degi fyrir eftirlit það er athugasemdir þessar fjalla um, fór fram eftirlit hjá Kaldvík, Röndinni, Kópaskeri. Sambærileg athugasemd kom fram í þeirri eftirlitsskýrslu hvað varðar röð viðbragða í viðbragðsáætlun. Þegar eftirlit það sem athugasemdir þessar snúa að fór fram óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlun um stök hjá eftirlitsþega. Engar breytingar höfðu verið gerðar á því gæðaskjali sem var opnað en starfsmenn eftirlitsþegi upplýst að viðbragðsáætlunin fyrir Röndina hefði verið uppfærð og hún ætti einnig við um Rifós en ekki væri búið að staðfesta hana af öllum starfsmönnum sem samþykkja þurftu breytingar. Ljóst er því að breytingin hafði ekki verið staðfest og því gildandi viðbragðsáætlun þannig gerð að röð viðbragða þarfnaðist lagfæringa. Samkvæmt verklagi Matvælastofnunar við eftirlit í eldisstöðvum er ekki unnt að lagfæra frávik vegna viðbragðsáætlana á staðnum enda ekki um að ræða lítilfjórlegt frávik. Þá bendir Matvælastofnun á að frávik vegna viðbragðsáætlunar um stök varðaði fleiri atriði en röð viðbragða, samanber lið a.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um að frávik undir lið 4.2.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 verið breytt í lagfært á staðnum.

3. **Búnaður til að endurheimta fisk - 4.3.2**

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið vörðuðu ekki alla þá þætti sem skráning fráviksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að:

Flutningsaðili sem sér um flutninga á seiðum milli Rifós og Randarinnar hefur ekki búnað til að endurheimta fisk ef kemur til óhapps sem gæti leitt til stroks.

Reglugerðin gerir ekki kröfu um umræddan búnað í bílum sem sjá um flutning seiða. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum bæta búnað flutningsaðila. Samkvæmt birgja getur tekið allt að 6 mánuðum að panta búnað en unnið er að lausnum í millitíðinni. Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.

Matvælastofnun bendir á að undir öllum kringumstæðum hvíli á eftirlitsþega fortakalaus skylda að koma í veg fyrir að eldislax strjúki úr eld. Nauðsynlegur hlutur til þess er að hafa til staðar búnað til að endurheimta fisk ef til kæmi óhapps sem gæti leitt til stroks. Engin undantekning er til staðar hvað varðar flutning, sbr. 41. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur eftirfarandi fram: „Við flutning á laxfiskum skal flutningsaðili útbúa verklagsreglur, að höfðu samráði við Matvælastofnun, þar sem fram kemur lýsing á búnaði sem notaður er til flutnings og hver ber ábyrgð á einstökum verkþáttum og réttum viðbrögðum ef fiskur strýkur.“ Matvælastofnun telur með vísan til framangreinds ákvæðis að í orðalaginu „lýsing á búnaði til sem notaður er við flutning“ felist að búnaður til að endurheimta fisk ef til óhapps kæmi. Í ljósi þessa telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta.

4. **Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva – 5.1.1**

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið voru í tveimur liðum og vörðuðu ekki alla þá þætti sem skráning fráviksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

- a. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Í verklagsreglu um þjálfun starfsfólks vantar tímamörk á því hvenær þjálfun sem á að eiga sér stað eftir nýliðaðþjálfun á að vera lokið.

Athugasemdir eftirlitsþega:

Eftirlitsaðila var sýnd þjálfunaráætlun sem inniheldur þjálfunatriði sem starfsmenn eiga að ljúka við eftir fyrsta dag, innan mánaðar, innan þriggja mánaða og innan árs áður en starfsmaður hefur störf. Ábending eftirlitsaðila um að tímamörk vanti í verklagsreglu um þjálfun er réttmæt, en bent er á að ekki er gerð krafa um slík tímamörk í reglugerð. Fyrir vikið er þess óskað að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávík, heldur athugasemd. Tillit verður tekið til ábendingarinnar og tímafrestir sem tilgreindir eru í þjálfunaráætlun verða færðir inn í verklagsreglu. Frestur fyrir úrbætur er settur 31. október 2025.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuð eftir því að sjá verklagsreglu um þjálfun starfsfólks. Í verklagsreglunni mátti sjá hvernig nýliðþjálfun fór fram og hvaða námsþætti nýir starfsmenn þyrftu að ljúka innan dags, innan mánaðar og innan árs eftir að hann hefur störf. Sú þjálfun sem þarna er tilgreind telst til nýliðþjálfunar. Eðli málsins samkvæmt er þjálfun starfsfólks sem vinnur í fiskeldi viðvarandi og endurtekin og nauðsynlegt að endurnýja ákveðna námsþætti með reglubundnum hætti, t.d. viðbrögðum við storki, verklegar æfingar til að virkja viðbragðsáætlun um stork og þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við svo einhver dæmi séu nefnd. Í verklagsreglu um þjálfun starfsfólks er ekki tilgreind þjálfun sem starfsmenn þurfa að viðhalda og tíðni endurþjálfunar.

Matvælastofnun bendir á að frávík vegna gæðahandbókar varðaði fleiri atriði, samanber lið b og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirlitsskýrslunni undir lið 5.1.1. Stofnunin telur þetta atriði ekki það léttúðlegt að hægt sé að flokka það sem athugasemd. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um að frávík undir lið 5.1.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu frávíki í athugasemd.

- b. Frávík í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar eru einungis til staðar í ráðningarsamningum viðkomandi starfsmanna og eru of almennar.

Athugasemdir eftirlitsþega:

Eftirlitsmönnum voru sýndar starfslýsingar almennra starfsmanna, sbr. ráðningarsamninga. Ekki er gerð krafa um ítarlegri starfslýsingar í reglugerð, en í verklagsreglum félagsins er ábyrgð starfsmanna tilgreind nánar. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávík heldur athugasemd.

Matvælastofnun bendir á að í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram undir liðnum *Stjórnun og skipulag* að í gæðahandbók þurfi að vera til staðar skipurit þar sem fram komi starfsheiti einstakra stjórnenda sem og starfslýsingu þar sem fram komi verksvið og ábyrgð. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá allar starfslýsingar starfsmanna, ekki einungis almennra starfsmanna. Þær starfslýsingar sem eftirlitsmönnum voru sýndar var ekki að finna í gæðahandbók heldur ráðningarsamningum einstakra starfsmanna. Eftirlitsþegi uppfyllir því ekki kröfur reglugerðarinnar um að starfslýsingar komi fram í gæðahandbók. Þá voru þær starfslýsingar sem eftirlitsmönnum voru sýndar of almennar.

Matvælastofnun bendir á að frávík vegna gæðahandbókar varðaði fleiri atriði, samanber lið a og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirlitsskýrslunni undir lið 5.1.1. Stofnunin telur þetta atriði ekki það léttúðlegt að hægt sé að flokka það sem athugasemd. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á

athugasemdir eftirlitsþega um frávík undir lið 5.1.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu frávíki í athugasemd.

5. Verklagsreglur – 5.1.3

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið varðaði ekki alla þá þætti sem skráning frávíksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

Frávík í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna í því gæðakerfi sem notað er þær verklagsreglur sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð.

Athugasemd eftirlitsþega:

Verklag á landstöðvum fyrirtækisins eru að stærstum hluta eins og þessvegna eru almennar verklagsreglur í gildi í fyrirtækinu. Ef nánari lýsinga er þörf fyrir einstaka stöðvar eru þær tengdar við almenna reglu eða það tekið sérstaklega fram í verklagslýsingum. Einstaka verklagslýsing er bundin við sérstaka stöðvar fyrirtækisins. Ef eftirlitsmönnum þykir vanta nánari lýsingar er um að ræða athugasemd og ekki frávík. Eftirlitsmönnum var bent á hvernig verklagsreglurnar eru aðgreindar eftir stöðvum inni í kerfinu og ekki gekk erfiðlega að finna þær reglur sem áttu við um stöðina. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávík heldur athugasemd.

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er lýst hvað koma þurfi fram í verklagsreglum skv. reglugerðinni: markmið, ábyrgð, viðbrögð og skráning. Eðli málsins samkvæmt er verklagsreglum ætlað að lýsa framkvæmd verkefna í hverri eldisstöð fyrir sig. Mikilvæg er að lýsing á verklagi sé skýr og eins ítarleg og mögulegt er þannig að allir starfsmenn eftirlitsþega geti gripið til verklagsreglunnar og framfylgt henni. Í því skyni er nauðsynlegt að verklagsreglur séu sniðnar að hverri stöð fyrir sig en ekki almenn fyrir allar eldisstöðvar eftirlitsþega þar sem aðstæður á hverjum stað geta verið mismunandi.

Í eftirlitinu ræddu eftirlitsmenn um verklagsreglur en ekki á neinum tímapunkti upplýstu starfsmenn eftirlitsþega um að til staðar væru nánari vinnulýsingar sem samþykktar hefðu verið sem gæðaskjöl, aðrar en þær sem stöðvarstjóri hafði útbúið sjálfur. Eigi vinnulýsingar að vera hluti af verklagsreglum þarf að tilgreina það í umræddri verklagsreglu.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar geta ekki tekið undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum um að ekki hafi gengið erfiðlega að finna þær verklagsreglur sem áttu við um stöðina. Þvert á móti tók það langan tíma, skjölin voru óaðgengileg og óljóst hvaða verklagsregla á við um þessa tilteknu stöð.

Matvælastofnun bendir á að frávík vegna verklagsreglna varðaði fleiri atriði en athugasemd eftirlitsþega fjallar um. Stofnunin telur þetta atriði ekki það léttúðlegt að hægt sé að flokka það sem athugasemd. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um frávík undir lið 5.3.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu frávíki í athugasemd.

6. Viðbragðsáætlanir – 5.1.4

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið voru í þremur liðum og vörðuðu ekki alla þá þætti sem skráning frávíksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

- a. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna í því gæðakerfi sem notað er þær viðbragðsáætlanir sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð. Athygli vakti að stöðvarstjóri hafði útbúið viðbragðsáætlanir um ýmis atriði byggt á aðstæðum í stöðinni og því er vísir að tvöföldu gæðakerfi

Athugasemd eftirlitsþega:

Eldisstöðin er með allar viðbragsáætlanir sem að reglugerðin gerir kröfu um. Mjög greiðlega gekk að finna þær viðbragsáætlanir sem að reglugerðin gerir kröfu um þegar eftirlitið fór fram. Þær viðbragðsáætlanir sem að stöðvarstjóri hafði útbúið eru ekki viðbragðsáætlanir sem að gerð er krafa um í reglugerð um fiskeldi. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tókum hinsvegar mið af athugasemd um að stöðvarstjóri væri með viðbragsáætlanir sem ekki var búið að setja inn í gæðakerfið. Það verður gert.

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er lýst hvað koma þurfi fram í viðbragðsáætlunum skv. reglugerðinni: markmið, ábyrgð, viðbrögð og skráning. Eðli málsins samkvæmt er viðbragðsáætlunum ætlað að lýsa framkvæmd verkefna í hverri eldisstöð fyrir sig. Mikilvæg er að lýsing á verklagi sé skýr og eins ítarleg og mögulegt er þannig að allir starfsmenn eftirlitsþega geti gripið til viðbragðsáætlana og framfylgt þeim. Í því skyni er nauðsynlegt að viðbragðsáætlanir séu sniðnar að hverri stöð fyrir sig en ekki almenn fyrir allar eldisstöðvar eftirlitsþega þar sem aðstæður og vinnulag á hverjum stað geta verið mismunandi.

Framangreind reglugerð um fiskeldi kveður á um þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsþegi á að hafa að lágmarki en eftirlitsþegi getur ávallt gert viðbragðsáætlanir um fleiri atriði. Eftirlitsmenn spurðu starfsmenn eftirlitsþega hvaða viðbragðsáætlanir væru til staðar í þessari tilteknu eldisstöð og fengu meðal annars að sjá viðbragðsáætlanir sem stöðvarstjóri hafði útbúið til viðbótar við þær sem voru til staðar í gæðakerfi stöðvarinnar. Út frá öðrum frávikum sem koma fram í eftirlitsskýrslunni styður það afstöðu stofnunarinnar um að í stöðinni sé til staðar tvöfalt gæðakerfi, annars vegar kerfi sem er stórt og mikið í sniðum með viðbragðs- og verklagsreglum sem erfitt er að sjá hverjar eigi við um hverja eldisstöð, og hins vegar þær viðbragðsáætlanir og verklagsreglur sem notaðar eru á staðnum.

Matvælastofnun bendir eftirlitsþega á að þegar eftirlitið var boðað var eftirlitsþega sendur tölvupóstur með hlekk á skoðunarlista sem stuðst er við í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldisstöðvum. Þar eru tilgreindar þær viðbragðsáætlanir og verklagsreglu sem gerð er krafa á um að séu til staðar í eldisstöðvum.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar geta ekki tekið undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum um að ekki hafi gengið erfiðlega að finna þær viðbragðsáætlanir sem áttu við um stöðina. Þvert á móti tók það langan tíma, skjölin voru óaðgengileg og óljóst hvaða viðbragðsáætlanir eiga við um þessa tilteknu stöð.

Matvælastofnun bendir á að frávik vegna viðbragðsáætlana varðaði fleiri atriði en athugasemd eftirlitsþega fjallar um. Stofnunin telur þetta atriði ekki það léttúðlegt að hægt sé að flokka það sem athugasemd. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um frávik undir lið 5.1.4 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu fráviki í athugasemd.

- b. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Í verklagsreglur um massadauða og neyðarslátrun vantar viðbragð þegar þær aðstæður gætu skapast að meltutankar sem eru til staðar í eldisstöðinni duga ekki fyrir dauðfisk, þ.e. magn dauðfisks verður of mikið.

Athugasemd eftirlitsþega:

Reglugerðin gerir ekki kröfu um umrætt viðbragð. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum sjá til þess að viðbragði við ef meltutankar hafi ekki undan verði bætt við verklagsreglu.

Matvælastofnun upplýsir að í eftirlitsskýrslu hefur átt sér stað misritun þar sem fjallað er um „verklagsreglu um massadauða og neyðarslátrun.“ Hið rétta er að um er að ræða viðbragðsáætlanir en ekki verklagsreglur.

Eins og áður hefur komið fram er að finna lýsingu á því sem koma eigi fram í viðbragðsáætlunum í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Eitt af þeim atriðum er viðbrögð. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða lýsingu á viðbrögðum á þeim aðstæðum sem mögulega geta skapast, m.a. þegar um er að ræða það mikið magn af dauðfiski að meltutangar sem eru til staðar í stöðinni duga ekki fyrir fiskinn.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um frávik undir lið 5.1.4 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu frávik í athugasemd.

- c. Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Ekki eru til staðar viðbragðsáætlanir vegna bilunar í búnaði m.a. rafmagnsleysi, vatnsleysi o.fl., viðbragðsáætlun vegna eldsvoða eða náttúruvá m.t.t. velferðar fisks í stöðinni né verklagsregla um bilun í hreinsibúnaði.

Athugasemd eftirlitsþega:

Reglugerðin gerir ekki kröfu um umrædd viðbrögð. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemdinni og munum sjá til þess að unnið verði að viðbragðsáætlunum sem að snúa að hinum ýmsu hættum.

Matvælastofnun bendir á að í reglugerð um fiskeldi eru gerðar kröfur um þær viðbragðsáætlanir sem skulu vera að lágmarki til staðar í fiskeldisstöðvum. Matvælastofnun telur eðlilegt að til séu staðar viðbragðsáætlanir vegna atburða sem raunhæft er að eigi sér stað á hverri eldisstöð. Í þessu tilfelli eru það þær viðbragðsáætlanir sem athugasemd þessi kveður á um. Matvælastofnun gerir kröfur um að þessar viðbragðsáætlanir séu til staðar og er það tilgreint sérstaklega í skoðunarlistum eftirlits sem sendur var með boðun eftirlitsins.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um frávik undir lið 5.1.4 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu frávik í athugasemd.

7. Innri úttektir – sannprófun – 5.1.6

Athugasemdir eftirlitsþega undir þennan lið varðaði ekki alla þá þætti sem skráning fráviksins í eftirlitsskýrsluna náði yfir.

Frávik í eftirlitsskýrslu sem athugasemdin snéri að: Sannprófunarskýrsla sem dagsett er 27. mars 2025 inniheldur ekki sannprófunina sjálfa, einungis niðurstöður. Ekki kemur fram hvenær sannprófun var framkvæmd. Skýrslan er dagsett 27. mars 2025 en undirritun eins aðila í sannprófunarhópi er 7. apríl 2025. Þá vantar eina undirskrift. Í skjalinu er vísað til innri úttektar á fiskeldisstöð Kaldvíkur á Kópaskeri og því óljóst hvort sannprófunin eigi við um eldisstöðina Rifós eða Röndina.

Athugasemd eftirlitsþega:

Dagsetning skýrslu er dagsetningin á hvenær sannprófun var framkvæmd. Reglugerð segir "Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar. Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur." Í reglugerð er ekki gerð krafa um að framvísa sjálfri sannprófuninni. Í reglugerð er einungis farið fram á að forsvarsmaður eldisstöðvarinnar undirriti niðurstöðurnar. Fyrir vikið er þess farið á leit að ábendingin sé ekki flokkuð sem alvarlegt frávik heldur athugasemd. Við tökum hinsvegar mið af athugasemd um hvernig stöðvarnar eru nafngreindar til greina og munum merkja skýrslur framvegis með númeri stöðvar. Einnig munum við vera skírari með dagsetningar framkvæmdar og dagsetningu skýrslu.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því hvort rekstrarleyfishafar fiskeldisstöðva fari eftir ákvæðum laga um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, þar með talið hvort að framkvæmdar eru sannprófanir eins og kveðir er á um í framangreindum lögum og reglugerð. Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli útbúa gátlista sem innihaldi öll þau atriði sem þurfi að sannprófa en hann skuli að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar. Eftirlitsmönnum Matvælastofnunar er ómögulegt að staðreyna hvort eftirlitsþegi hafi framkvæmt sannprófun á innra eftirliti eldisstöðvarinnar með fullnægjandi hætti nema að hafa í höndunum gögn sem sýna hvaða þættir voru sannprófaðir. Í ljósi þessa er eðlilegt lágmarkskrafa að sannprófun innihaldi lista yfir öll þau atriði sem voru sannprófuð, ekki einungis niðurstöður.

Þá er jafnframt afar mikilvægt að sannprófunarskýrsla sé skýr hvaða eldisstöð sætir sannprófun, tímasetningar úttektar og útgáfu sannprófunarskýrslu.

Í eftirlitsskýrslunni er bent á að eina undirskrift vanti í skýrsluna. Hér er einungis um að ræða ræða ábendingu þar sem tveir úr sannprófunarhópnum undirrita skýrsluna og gert ert ráð fyrir undirskrift þriðja aðilans. Alvarleiki frávisins fellst í öðrum þáttum sem frávikið snýr að.


Stofnunin telur þetta atriði ekki það léttuðlegt að hægt sé að flokka það sem athugasemd. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um frávik undir lið 5.1.6 í eftirlitsskýrslu dagsettri 13. ágúst 2025 hvað þetta varðar verið breytt úr alvarlegu fráviki í athugasemd.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði athugasemda eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur athugasemdir Kaldvíkur við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar nr. 40686 vegna rekstrarleyfis FE-1189 dagsettri 13. ágúst 2025 ekki til greina.

Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur